
13/08/2025

Kæru nýnemar

Við í Verkmenntaskóla Austurlands hlökkum til að taka á móti ykkur mánudaginn 18. ágúst n.k. á skólasetningu og nýnemadegi.

Við munum hefja dagskrá kl.10:00. Rútuferðir eru samkvæmt almenningssamgöngum:

Fáskrúðsfjörður	Reyðarfjörður	Eskifjörður
Skrúður 8:20	Molinn 8:42	Sundlaug 8:56
Kirkjugarður 8:22	Launafl 8:44	Valhöll 8:58

Við biðjum ykkur um að mæta inn í matsal í bóknámshúsi skólans. Inngangur er að ofanverðu. Þar munum við taka á móti ykkur með stuttum kynningum. Þegar því verður lokið hittið þið umsjónarkennarana ykkar sem ganga með ykkur um skólahúsið og fara yfir nokkur praktísk atriði. Þið eruð beðin að hafa með ykkur tölvu til að setja upp office og kennsluvef. Ef þið eruð ekki með rafræn skilríki þá þurfið þið að útvega ykkur þau. Ykkur verður síðan boðið í hádegismat. Eftir hádegismat mun verða ýmiskonar sprell. Dagskrá mun ljúka um kl.14:00 og fer rúta til baka kl.14:20.

Kennsla hefst samkvæmt stundaskrá 19. ágúst. Stundarskrár verða aðgengilegar á Innu síðar í dag.

Hlökkum til að taka á móti ykkur!

Starfsfólk VA

Mýrargötu 10
740 Fjarðabyggð

Netfang: va@va.is
Heimasíða: www.va.is

Sími 477 1620
Fax: 477 1852



**VERKMENNTASKÓLI
AUSTURLANDS**
Samvinna - þekking - árangur